



Elliði

Guðmundur Magnús Sigurbjörnsson, formaður

Fróði Guðmundur Jónsson, framkvæmdastjóri

Úrskurður: Kærumál nr. 1/2020 Elliði vegna opinberra ummæla

Reykjavík, 18. júní 2020.

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 16. júní 2020 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 8. júní 2020, í samræmi við 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði ósæmilega framkomu í formi ummæla sem viðhöfð voru á twitter síðu Elliða þann 6. júní 2020. Var um að ræða opinber ummæli sem eru að mati framkvæmdastjóra til þess fallin að skaða ímynd íslenskrar knattspyrnu og með þeim hafi verið vegið að heiðarleika og æru dómara í leik Hauka og Elliða í Mjólkubíkar karla, þann 6. júní 2020.

Ummælin eru eftirfarandi:

„Ívar Orri þöngulhaus búinn að eyðileggja leikinn. 2 gul á Sven eftir tvær frábærar tæklingar. Rautt. Ívar ekki starfinu vaxinn.“

„Ívar Orri er farinn útaf og leitað er að dómara. Frábærar fréttir, Ívar hefur verið skelfilegur. Hlé er gert á leiknum.“

Greinargerðin var send til Elliða og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina.

Á fundi nefndarinnar 16. júní 2020 lá fyrir greinargerð sem barst nefndinni þann sama dag frá Daníel Frey Guðmundssyni og aðgerðaráætlun stjórnar Elliða frá Guðmundi Magnúsi Sigurbjörnssyni. Að því virtu og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að tilvitnuð opinber ummæli sem viðhöfð voru á twitter síðu Elliða hafi verið ósæmileg og hafi skaðað ímynd íslenskrar knattspyrnu. Samkvæmt þessu falla ummælin undir ákvæði 21. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 13.9.e), hefur brot á 21. grein í för með sér sekt að fjárhæð kr. 100.000,- en þó ekki lægri en kr. 50.000,- og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.

Ákvað Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á fundi sínum 16. júní 2020 að sekta Elliða um kr. 50.000,- vegna framangreindra opinberra ummæla.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vill að lokum minna á nauðsyn þess að grein 1.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót verði í heiðri höfð, en þar segir: *Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.*

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson